

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi lögbýlanna Stangarlækur 1 og 2.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir útihús á lóð 1, landnúmer 219436, úr landi Stangarlækjar 1, færist á svæði norðaustan við íbúðarhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 12. maí 2014.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**